



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Tillaga sviðsstjóra um framtíðarfyrirkomulag sumaropnunar leikskóla

Lagt er til að breyting verði gerð á sumaropnun leikskóla þannig að þrjár leikskólar borgarinnar fái það fasta hlutverk að vera opnir yfir sumartímann. Þessir leikskólar verði Hagaborg í Vesturbæ, Langholt í Laugardal og Bakkaborg í Breiðholti.

Greinargerð

Tilraunaverkefni um sumaropnun leikskóla hefur staðið yfir frá því sumarið 2019 með smávægilegum breytingum á framkvæmd milli ára. Boðið hefur verið upp á einn opinn leikskóla í hverju hverfi eða alls sex skóla. Sumarið 2021 var þeim fækkað niður í fjóra vegna fárra umsókna í tveimur borgarhlutum. Hér fyrir neðan má sjá fjölda umsókna þessi þrjú ár sem sumaropnun leikskóla hefur staðið yfir:

2019 voru samtals voru um 128 börn sem nýttu sér sumaropnunina þar af 100 úr sínum heimaleikskólum en 28 frá öðrum leikskólum. Heildarfjöldi barna í leikskólum borgarinnar vorið 2019 var um 5.380 og því voru um 2,4% foreldra sem nýttu sér þetta úrræði.

2020 voru samtals voru 187 börn sem nýttu sér sumaropnunina þar af 104 úr sínum heimaleikskólum en 83 frá öðrum leikskólum. Þetta sumar var jafnframt gerð tilslökun á reglum um fjögurra vikna sumarleyfi barna og foreldrum gefinn kostur á að nýta sumaropnun í því skyni að stytta sumarleyfi barnanna. Heildarfjöldi í leikskólum borgarinnar það vor var 5.273 börn og því voru 3,54% sem nýttu sér þetta úrræði miðað við 2,4% á síðasta ári.

2021 var sótt um fyrir 88 börn þar af voru 73 umsóknir úr sínum heimaleikskóla og 15 úr öðrum skóla. Umsóknir í tvo leikskóla voru svo fáar að ekki var forsvaranlegt að hafa þá skóla opna og börnum í þessum skólum boðið að fara í sumaropnun í Langholti, því voru aðeins fjórir leikskólar opnir.

Á vordögum 2021 var skóla- og frístundasviði falið að koma með tillögu að framtíðarfyrirkomulagi sumaropnunar leikskóla í samráði við leikskólastjóra. Lagt er til að fela þremur leikskólum það hlutverk að vera opnir yfir sumartímann. Styrkleikar þeirrar tillögu liggja í því að þekking og reynsla er til staðar og því fer minni tími til undirbúnings, auk þess sem hægt er að þróa innihald og skipulag starfsins þennan tíma á grunni reynslunnar frá ári til árs. Þessi leið eyðir óvissu foreldra um það hvaða skólar verða opnir og það gefur svigrúm til þess að hafa umsóknarfrest lengri en foreldrar myndu sækja um í dvöl í opnum leikskóla í gegnum Völu fyrir 1. mars, ár hvert. Þessi leið, þ.e. að hafa fasta leikskóla opna yfir sumartímann, veitir stjórnendum fasta varðandi fjármagn í verkefnið sem auðveldar allt skipulag. Þá er einnig lagt til að þeir skólar sem verða valdir í verkefnið verði jafnframt opnir til kl.17.00 og valdir úr hópi þeirra leikskóla með tilliti til staðsetningar og dreifingar um borgina.

Vert er að nefna að fulltrúar leikskólastjóra lögðu til að fara aðra leið. Í þeirra tillögum er m.a. lagt til að hafa tvo leikskóla opna yfir sumartímann. Skráning og umsýsla fari fram rafrænt í gegnum Völu og niðurstöður um fjölda umsókna liggi fyrir í síðasta lagi 15. febrúar. Val á þeim tveimur leikskólum sem yrðu opnir myndi byggjast á raunverulegri þörf þ.e. þegar umsóknarfrestur væri útrunninn væri skoðað hvar í borginni þörfin væri mest og leikskólar valdir út frá því. Fyrsta mars lægi fyrir hvaða leikskólar yrðu með opið og leikskólastjórar myndu þá skipuleggja sumaropnun. Eftir 1. mars fengju foreldrar upplýsingar um, um hvaða leikskóla væri að ræða.